



Reglur um afslátt á fasteignaskatti

1. grein

Reglur þessar gilda um lækkun fasteignaskatts, skv. heimildarákvæði í 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofn sveitarfélaga, að hluta eða að fullu, hjá þeim eigendum fasteigna sem lögheimili eiga í Norðurþingi, og náð hafa 67 ára aldri eða hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs. Ef um hjón eða fólk í skráðri sambúð er að ræða, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára eða úrskurðaður öryrki, án tillits til skráningar í fasteignaskrá.

2. grein

Reglur þessar taka einungis til lækkunar fasteignaskatts, eins og hann er skilgreindur í 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, en ekki til ýmissa fasteignatengdra þjónustugjalda, s.s. vatns-, holræsa- og sorpgjalda.

3. grein

Þeir sem náð hafa 70 ára aldri fyrir upphaf álagningarárs, skulu fá fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði, sem þeir eiga og búa í, felldan niður að fullu.

4. grein

Þeir sem náð hafa 67 ára aldri, eða verið úrskurðaðir 75% öryrkjar, fyrir upphaf álagningarárs og njóta fullrar tekjutengingar frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu fá fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði sem þeir eiga og búa í, felldan niður um 50%.

5. grein

Þeir sem náð hafa 67 ára aldri, eða verið úrskurðaðir 75% öryrkjar, fyrir upphaf álagningarárs og njóta skertrar eða engrar tekjutryggingar frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu fá fasteignaskatt af íbúðarhúsnæði sem þeir eiga og búa í, felldan niður um 25%.

6. grein

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna/hinnar látnu á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið eftir fráfallið og að hálfu annað árið.

7. grein

Búi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrispega sem ekki er maki hans og fellur ekki undir reglur þessar, kemur ekki til niðurfellingar fasteignaskatts.

8. grein

Falli aðstæður ekki undir ákvæði reglna þessara skal bæjarráð úrskurða um lækkun eða niðurfellingu.